


Sáttameðferð



INNANRÍKISRÁDUNEYTÍÐ



SÝSLUMENN

2016

HVAÐ ER SÁTTAMEÐFERÐ?

Markmið sáttameðferðar er að hjálpa foreldrum að gera samkomulag með hagsmuni barnsins í huga. Með samkomulagi foreldranna má komast hjá því að þurfa að leita formlegrar úrlausnar eða ákvörðunar utanaðkomandi aðila.

Foreldrum er skylt að leita sáttameðferðar áður en höfðað dómsmál um forsjá barns eða lögheimili eða óskað úrskurðar um umgengni eða dagsektir.

Fyrirkomulag sáttameðferðar:

- ▶ Foreldrar mæta saman á sáttafundi og vinna að sameiginlegri lausn.
- ▶ Foreldrar hafa stjórn á ferlinu og eru virkir þátttakendur. Þeir leggja fram sínar tillögur og er sáttamaðurinn þeim til aðstoðar.
- ▶ Umfang sáttameðferðar er breytilegt og getur verið á bilinu 1-7 fundir á 12 mánaða tímabili allt eftir framgangi málsins.
- ▶ Barn áréttá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í sáttameðferðinni sem er þá innlegg í samtal foreldranna.
- ▶ Sáttamaðurinn stýrir sáttameðferðinni á hlutlausan hátt en foreldrarnir bera ábyrgð á niðurstöðu hennar.
- ▶ Lögð er áhersla á framtíðina en ekki fortíðina.

KOSTIR SÁTTAMEÐFERÐAR

-
- Betri niðurstaða** Foreldrar hafa meiri áhrif á niðurstöðu máls í sáttameðferð en eftir öðrum leiðum. Samkomulag sem næst byggir á því sem þeir telja viðunandi og sanngjartn. Foreldrar eru jafnan ánægðari með slíka niðurstöðu en ef ákvarðanir eru tekna af utanaðkomandi aðila. Rannsóknir sýna að foreldrar eru reiðubúnari til að fylgja niðurstöðu sem fengin er með þessum hætti og líklegri til að eiga samstarf í framtíðinni.
-
- Börnin** Ágreiningur foreldra hefur víðtæk áhrif á börn. Þau geta átt erfitt með að koma raunverulegum vilja sínum á framfæri við foreldra og m.a. upplifað sig í hollustuklemmu milli þeirra. Í sáttameðferð hafa þau tækifæri til að koma á framfæri afstöðu sinni og sjónarmiðum og geta þannig haft áhrif á eigin aðstæður.
-
- Betra samstarf** Í sáttameðferð gefst foreldrum tækifæri til að endurskipuleggja samskipti sín og samvinnu um börnin.
- Með sáttameðferð má komast hjá tímafrekum og kostnaðarsönum dómsmálum sem jafnan leiða til harðari átaka foreldra. Sáttameðferð er snemmbúið inngríp samanborið við dólmstólaleiðina. Tíminn í sáttameðferðinni nýtist jafnframt með öðrum hætti þar sem foreldrar geta t.d. prófað sig áfram með mismunandi hugmyndir áður en endanleg niðurstaða næst.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR SÁTTAMEÐFERÐ

Til umhugsunar:

- Hvernig eru samskipti okkar foreldranna? Hvað get ég gert til að bæta þau?
- Hvað gengur vel? Hvað gæti gengið betur?
- Hef ég heyrt viðhorf hins foreldrisins og tekið sanngjarna afstöðu til þess?
- Hvað vill barnið? Hvernig líður því og hvað get ég gert til að því líði betur?
- Hvernig stuðla ég að góðum tengslum barnsins við hitt foreldrið? Hvernig tala ég um hitt foreldrið í viðurvist barnsins?
- Hvað vil ég að ávinnist í sáttameðferðinni? Hef ég skýrar tillögur? Hvað tel ég viðunandi niðurstöðu?

Hvert er hlutverk mitt í sáttameðferðinni?

- Að ræða málin á sanngjarnan og yfirvegaðan hátt.
- Að koma með tillögur sem taka tillit til aðstæðna barnsins, m.a. aldurs þess og þroska.
- Að hugsa lausnamiðað til framtíðar.

Þessi bæklingur er ætlaður fyrir foreldra sem eru að hefja sáttameðferð. Ítarlegri upplýsingar um sáttameðferð má finna á vefsíðu sýslumanna, www.syslumenn.is.